



## UMHVERFISNEFND HRUNAMANNAHREPPS

9. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 - 2026 haldinn miðvikudaginn 28.febrúar 2024 kl. 16:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Halldóra Hjörleifsdóttir, formaður, Ragnheiður Georgsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason. einnig sátu fundinn Gunnþór Guðfinnsson, yfirmaður eignarsjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

### DAGSKRÁ:

1. Framtíð úrgangsmála í Hrunamannhreppi: Hugmyndir um verklag og kostnað við næstu skref.
2. Lausa ganga búfjár-erindi frá Sveitarstjórn
3. Ruslamálaráðherra 2024.
4. Verkefni ársins.
5. Fundargerðir vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Kerlingarfjöll.
6. Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Formaður setti fund og óskaði eftir athugasemendum við fundarboð. Engar athugasemdir bárust.

1. **Framtíð úrgangsmála í Hrunamannhreppi: Hugmyndir um verklag og kostnað við næstu skref.**

Fyrir nefndinni liggur minnisblað sem unnið var af Umhverfisráðgjöf Íslands ehf fyrir Hrunamannahrepp um stöðu úrgangsmála í sveitarfélagini. Ljóst er að nauðsynlegt er að fara í mikla vinnu við endurskipulagningu og uppbyggingu tengda úrgangsmálum í sveitarfélagini til að koma til móts við þær kröfur sem liggja fyrir og vegna nýrra laga sem tengjast málaflokknum.

Nefndin leggur til að farið verði nú þegar í að vinna að þeim fyrstu skrefum sem lögð eru til í minnisblaðinu og að farið verði nú þegar í hönnun á söfnunar- og móttökustöðinni við Flatholti. Samhliða því verði farið í að vinna nýjar samþykktir um meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélagið.

Í ljósi þess að mikill kostnaður kemur til með að falla á málaflokkinn við þær úrbætur sem þarf að ráðast í leggur nefndin til að skoðar verði vel hvort ekki sé hægt að minnka kostnað á einhvern hátt í kerfinu til að ekki þurfi að velta of miklum auknum kostnaði á gjaldagreiðendur sveitarfélagsins.

Ennfremur var rætt um bréfpokavæðingu fyrir lífrænan úrgang. Það liggur fyrir að móttökustöðin GAJA tekur ekki við lífrænu efni í öðru en bréfpokum. Nefndin leggur til að málið verði kynnt vel í Péasanum og á samfélagsmiðlum og að íbúum standi til boða að fá eittbúnt af bréfpokum endurgjaldslaust, óski þeir eftir því.

BAH

SS

RH  
Aldís

## **2. Lausa ganga búfjár-erindi frá Sveitarstjórn.**

Erindi var sent til nefndarinnar frá sveitarstjórn.

Nefndin hvetur sveitarstjórn til að vinna samþykktir um búfjárhald fyrir sveitarfélagið þar sem skoðað er hvort ekki sé rétt að banna lausagöngu búfjár í sveitarféluginu fyrir neðan hálandismörk.

Í sveitarféluginu eru margir búfjáreigendur, langstærsti hluti þeirra hugsar um sinn búfénað eins og best gerist. Þeir tryggja að af þeim hljótist ekki tjón hvort sem er í umferðinni eða á landareignum/jörðum annarra sveitunga. Bann við lausa göngu ætti því að hafa lítil áhrif á stærstan hluta búfjáreigenda í sveitarféluginu.

## **3. Ruslamálaráðherra 2024.**

Samþykkt að skipa Kolbrúnu Kristínu Daniëlsdóttur sem Ruslamálaráðherra 2024.

## **4. Verkefni ársins.**

Farið yfir þau verkefni sem nefndin lagði til í fjárhagsáætlunargerð að yrði farið í árinu. Mörg verkefni liggja fyrir m.a tengd Lækjargarðinum.

Stefnt að því að halda fund fljótlega með eigendum Lækjargarðsins og fara yfir hugmyndir að verkefnum og uppbyggingu í garðinum.

## **5. Fundargerðir vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Kerlingarfjöll.**

Lagðar fram til kynningar 2 fundargerðir frá samráðshóp um gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið í Kerlingarfjöllum.

Nefndin fagnar því að þessi vinna sé hafin og óskar eftir því að nefndin verði einnig í þeim hópi sem haft verður samráð við vegna vinnslu áætlunarinnar.

## **6. Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.**

Lögð fram til kynningar umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Unnin var sameiginleg umsögn frá Umhverfisnefnd, Afréttamálanefnd og Sveitarstjórn Hrunamannahrepps og hún send inn í samráðsgáttina.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 18:10  
Fundarritari Halldóra Hjörleifsdóttir

Hallðóra Hjörleifsdóttir  
Bjarni Ánar Hjálason  
Ragnheiður Gørgsdóttir  
Guðrún Ólafsson

Aldi Hafstein